



Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. maí 2010
Tilvísun: 2010050008
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, 91. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 4. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, 91. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér framangreinda tillögu til þingsályktunar og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Í umræddri tillögu til þingsályktunar er lagt til að iðnaðarráðherra láti Orkustofnun í samráði við Umhverfisstofnun taka saman yfirlit um þær virkjanir vatnsafls og jarðvarma sem ráðgert er að framleiði orku fyrir 360 þúsund tonna álverksmiðju í Helguvík, 360 þúsund tonna álverksmiðju á Bakka við Húsavík og 40 þúsund tonna stækkun álbræðslunnar í Straumsvík. Þá segir í greinargerð með tillögunni að nú þegar eru á teikniborðinu þrjár stórframkvæmdir í álverksmiðjum, samtals með 760 þúsund tonna ársframleiðslu. Um er að ræða 360 þúsund tonna álverksmiðju í Helguvík, álverksmiðju af sömu stærð á Bakka við Húsavík og 40 þúsund tonna viðbót við álbræðsluna í Straumsvík.

Þá segir reyndar í tillögunni að iðnaðarráðherra beri að leggja skýrslu um málið fyrir Alþingi eigi síðar en 15. desember 2009. Vekur Orkustofnun athygli á ágalla í tillögunni hvað varðar dagsetningu á skýrslugjöf iðnaðarráðherra.

Orkustofnun vekur athygli iðnaðarnefndar á að samkvæmt lokamálslið 3. gr. laga um heimild til samninga um álver í Helguvík, nr. 51/2009, segir að álver í Helguvík er hannað til framleiðslu á allt að 360.000 tonnnum af áli á ári. Í frumvarpi því er varð að lögum nr. 51/2009 segir m.a. eftirfarandi: „Áformað er að byggja álverið í fjórum 90.000 tonna áföngum og að ársframleiðsla þess verði allt að 360.000 tonn. Undirbúningsframkvæmdir við fyrsta áfanga álversins hófust árið 2008. Áætlanir miða að því að gangsetja 1. áfanga 2011 en áfangaskipting og byggingartími munu taka mið af orkuöflun fyrir álverið og öðrum aðstæðum.“ Af framangreindu má ráða að fyrirhugaðar framkvæmdir, sem og afkastageta álversins, eru að miklu leyti háðar orkuöflun hverju sinni. Í ljósi þessa fela framangreind lög nr. 51/2009 ekki í sér að umræddum framkvæmdum sé tryggð sú orka sem til þarf svo unnt sé að ná framleiðslu á allt að 360.000 tonnnum af áli á ári.

Hvað varðar sérstaka úttekt á virkjunarkostum til álframleiðslu bendir Orkustofnun á að vinna við 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma stendur enn yfir og er þeirri vinnu ætlað að ljúka á þessu ári. Er henni m.a. ætlað að skapa sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Sérstök áhersla er lögð á að meta verndargildi háhitasvæða landsins og flokka þau með tilliti til verndar og orkunýtingar. Stefnt er að því að leggja niðurstöðu rammaáætlunar fyrir Alþingi til formlegrar afgreiðslu. Telur Orkustofnun að með 2. áfanga rammaáætlunar sé unnt að gera grein fyrir þeim helstu virkjunarkostum sem sátt sé um að nýta.

Þá vekur Orkustofnun einnig athygli á að iðnaðarráðherra hefur skipað sjö manna stýrihóp sem hefur það hlutverk að undirbúa og fjalla um efnistöð og framsetningu stefnumótunar á sviði orkumála. Samkvæmt skipunarbréfi ber stýrihópnum að ná m.a. heildarsýn yfir mögulegar orkulindir landsins, aðferðir og tækni við nýtingu þeirra, hugsanleg umhverfisáhrif og sjálfbærni nýtingarinnar ásamt rekstrarlegri og þjóðhagslegri hagkvæmni. Þá ber hópnum að fara sérstaklega yfir möguleika og hugsanlegar aðferðir stjórnvalda til þess að stjórna nýtingu orkunnar m.t.t. sjálfbærni, efnahagslegrar uppbyggingar og stöðugleika. Stýrihópurinn skal fjalla sérstaklega um möguleika á að nýta orkulindir og sérþekkingu okkar og reynslu á sviði orkumála til atvinnuuppbyggingar á næstu árum. Einnig skal stýrihópurinn gera tillögu að forgangsroðun á nýtingu orkunnar með hliðsjón af áherslum og markmiðum ríkisstjórnarinnar s.s. aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Að mati Orkustofnunar mun boðuð stefnumótun á sviði orkumála, ásamt vinnu 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, nýtast til að gera frekari grein fyrir mögulegum orkulindum landsins og nýtingu þeirra.

Orkustofnun bendir á að í mars 2003 voru raforkulög, nr. 65/2003, samþykkt á Alþingi sem taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa. Markmið laganna er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi sem efla á atvinnulíf og byggð í landinu. Lögunum er í því skyni m.a. ætlað að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Sala á raforku er samkeppnisrekstur samkvæmt raforkulögum og geta notendur valið sér þann söluaðila sem þeir kjósa. Orkusölusamningar álvera og orkufyrirtækja eru þar af leiðandi samningar á samkeppnisvettvangi og um leið einkaréttarlegs eðlis. Er um að ræða breytingu frá því ástandi sem var við lýði fyrir gildistöku raforkulaga þar sem opinber aðili, þ.e. Landsvirkjun, hafði það hlutverk að virkja orku til stóriðju og almenna notkun og færa sér þannig í nyt hagkvæmni stærðarinnar. Stjórnvöld bera þar af leiðandi ekki lengur ábyrgð á að fyrirhuguðum stóriðjuframkvæmdum sé tryggð sú orka sem nauðsynleg er til slíks rekstrar enda, eins og áður sagði, einkaréttarlegs eðlis og á ábyrgð samningsaðila.

Það skal að lokum tekið fram að frá 1. ágúst 2008 fer Orkustofnun með leyfisveitingarvald ráðherra samkvæmt ákvæðum raforkulaga, þ.m.t. veitingu virkjunarleyfa. Orkustofnun telur því óheppilegt út frá hæfisreglum stjórnarsýsluréttar að stofnunin gefi umsagnir eða segi nákvæmlega til um aflgetu tiltekinna virkjunarkosta einstaka fyrirtækja áður en þeir koma til formlegrar afgreiðslu stofnunarinnar. Er því um að ræða álitæfni um stjórnarsýslulega aðkomu Orkustofnunar að þeirri úttekt sem óskað er eftir samkvæmt umræddri tillögu til þingsályktunar, þ.e. hvort leyfisveitandi kunnir við slíka álitsgjöf, og af þeirri ástæðu einni, að vera vanhæfur til að taka ákvörðun síðar um leyfisveitingu. Þess ber að geta að nú þegar eru einstakir virkjunarkostir, sem

koma til álita vegna orkuöflunar til stóriðju, til umfjöllunar hjá Orkustofnun án þess að niðurstaða liggi fyrir um afgreiðslu þeirra.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við efni tillögunnar, að svo stöddu.

Virðingarfyllt

Lárus Ólafsson